

Vatnsveita Vestmannaeyja

Greining rekstrar

22. september 2024

Garðar Jónsson

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	2
2. Helstu niðurstöður	3
3. Rekstur	5
4. Áhrif tjóns vatnslagnar á rekstur ársins 2023.....	8
5. Lagnir og aðrar eignir	10
6. Áætlun um rekstur og fjárfestingar	11
7. Samantekt	13
Viðaukar	15

1. Inngangur

Að beiðni Vestmannaeyjabæjar hefur Skilvirk Ráðgjöf ehf. framkvæmt greiningu á rekstri vatnsveitu í Vestmannaeyjabæ sem HS Veitur hf. sjá um rekstur á. Í því sambandi hefur Skilvirk unnið nauðsynleg yfirlit og sett fram í formi þessarar skýrslu.

Um verkefnið

Hitaveita Suðurnesja hf. og Bæjarveitur Vestmannaeyja sameinuðust árið 2002 og hefur Hitaveita Suðurnesja hf., síðar HS Veitur hf. séð um rekstur veitnanna síðan.

Á árinu 2009 var tekin í gagnið ný neðansjárvatnslögn sem liggur frá Landeyjasandi til Heimaeyjar, nánar til tekið við austanverða Skansfjöru sem HS Veitur hf. hafði fjármagnað að hluta í þágu vatnsveitustarfseminnar. Svo fjárframlag að fjárhæð 700 m.kr. fengist frá ríkinu upp í kaup á nýju vatnslögninni var Vestmannaeyjabær kaupandi að lögninni skv. kaupsamningi, dags. 27. janúar 2009. Greitt var fyrir lögnina með þeirri 700 m.kr. fjárhæð og með fyrirframgreiddri leigu HS Veitna fyrir lögnina í þágu veitunnar til 35 ára.

Verkefni skýrsluhöfundar fólst í neðangreindum þáttum:

- A. Samskiptum og öflun nauðsynlegra gagna hjá HS Veitum hf.
- B. Greiningu gagna.
- C. Framsetning tekna og gjalda auk sundurliðaðra upplýsinga eftir því sem gögn leyfa.
- D. Frágangur og skil.

Í upphafi tók Skilvirk saman yfirlit um nauðsynleg gögn fyrir þessa vinnu sem bæjaryfirvöld Vestmannaeyjabæjar óskuð eftir að bærust frá HS Veitum. Óskað var eftir rekstrar- og efnahagsgögnum fyrir hvert ár frá og með árinu 2008 til og með 2023. Eftir að gögnin bærust voru þau rýnd og viðbótargagna óskað eftir því sem þurfa þótti.

Afurð verksins er skýrsla þessi sem inniheldur í meginatriðum eftirfarandi þætti:

- Samantekt um helstu niðurstöður.
- Yfirlit reksturs 2008 til 2023.
- Rekstraráætlun 2024 – 2028 miðað við tilgreindar forsendur.
- Samantekt.

Á síðari stigum verksins var skipaður viðræðuhópur milli Vestmannaeyjabæjar og HS Veitna hf., að ósk hins síðarnefnda, um mögulega innlausn Vestmannaeyjabæjar á Vatnsveitu Vestmannaeyja. Samkvæmt yfirlýsingu aðila, dags. 12. apríl 2024 eru meginverkefni hópsins, að greina nánar forsendur innlausnarverðs m.t.t. ákvæða laga um vatnsveitur sveitarfélaga og þeirra samninga sem nú þegar liggja fyrir milli aðila. Aðeins er um frumgreiningu framangreindra þátta að ræða sem nýtist aðilum til að taka afstöðu til formlegra viðræðna í framhaldi.

Skýrsluhöfundur, Garðar Jónsson, ráðgjafi, var skipaður fulltrúi Vestmannaeyjabæjar í viðræðuhópnum en auk þess starfaði Drífa Gunnarsdóttur, framkvæmdastjóra stjórnisýslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjabæjar með honum.

2. Helstu niðurstöður

A. Rekstrarniðurstaða Vatnsveitu Vestmannaeyja árið 2023 var neikvæð um 4,3 m.kr. Sé tekið tillit til aukakostnaðar vegna tjóns á vatnslögninni árið 2023 er rekstrarniðurstaðan jákvæð sem nemur 68,5 m.kr.

B. Heildarrekstrarafkoma Vatnsveitu Vestmannaeyja 2019 – 2023 nemur 223,9 m.kr., miðað við núgildandi verðlag. Sé miðað við reglubundinn rekstur árið 2023, án viðbótarkostnaðar vegna tjóns á vatnslögn, nemur rekstrarafkoman 296,8 m.kr., eða um 74,2 m.kr. að meðaltali á ári.

Á tímabilinu 2009-2023 nemur heildarrekstrarafkoma 47,5 m.kr., m.v. reglubundinn rekstur árið 2023.

Í þús. kr. á verðlagi 2023

	2009-2011	2012-2018	2019-2023	Alls 2009-2023
H-tekjur	475.657	1.443.006	1.263.647	3.182.310
Tekjur að frádr. gjöldum fyrir afskriftir (EBITDA)	193.241	749.608	680.953	1.623.802
Afskriftir	234.258	533.692	264.927	1.032.877
Fjármagnsliðir	-199.601	-224.547	-192.063	-616.211
Rekstrarniðurstaða	-240.618	-8.631	223.963	-25.286
Rekstrarniðurstaða aðlöguð ¹⁾			296.790	47.541

1) Miðað við reglubundinn rekstur árið 2023 – án viðbótarkostnaðar vegna tjóns á vatnslögn.

C. Á 15 ára tímabili, 2009-2023, nema heildarfjárfestingar ferskvatnslagna um 389,6 m.kr., á núverandi verðlagi, eða 25,9 m.kr. að meðaltali árlega.

D. Afskrifað endurstofnverð lagnakerfis nemur 706,5 m.kr. Heildarendurstofnverð, áður en afskriftir eru dregnar frá, nemur 3.783,6 m.kr.

Endurstofnverð lagna sem eru komnar fram yfir líftíma sinn nemur 3.020,2 m.kr., eða 80% af heildarendurstofnverði. Eftirfarandi er yfirlit yfir endurstofnverð lagna eftir aldri:

Líftími	Ár í rekstri	Endurstofnverð	Afskriftir	Afskrifað endurstofnverð
50	0-19 ár	304.494.869	57.799.026	246.695.843
50	20-29 ár	171.525.140	70.515.101	101.010.040
50	30-39 ár	4.873.255	3.333.307	1.539.949
50	40-49 ár	282.539.775	227.246.537	55.293.238
50	50-55 ár	3.020.243.718	2.718.219.347	302.024.372
		3.783.676.758	3.077.113.317	706.563.441

Rétt þykir að álykta, að lagnir sem komnar eru fram yfir líftíma þurfi að endurnýja á næstu árum.

E. Sé miðað við að elstu lagnirnar verði endurnýjaðar á næstu 10 árum, alls 3,02 ma.kr., nema árlegar fjárfestingar 302 m.kr.

F. Í reikningskilum HS Veitna hf. fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja eru fjármagnsliðir tilgreindir í einni tölu fyrir hvert ár án skýringa eða sundurliðunar. Frá upphafi, þ.e. frá árinu 2009, hefur þessi liður verið neikvæður og því er hér um hreinan fjármagnskostnað að ræða. Árið 2023 nam slíkur hreinn fjármagnskostnaður 43,4 m.kr. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvers konar fjármagnskostnað er að ræða eða frekari skýringar á þessum lið.

G. Hlutdeild Vatnsveitu Vestmannaeyja í sameiginlegum rekstrarkotnaði HS Veitna hf. árið 2023 nam 36,2 m.kr. eða 4,56% af heildarsameiginlegum rekstrarkotnaði HS Veitna. Til samanburðar nema rekstrartekjur Vatnsveitu Vestmannaeyja 2,66% af heildarrekstrartekjum HS Veitna.

	HSVeitur alls	Vatnsveita Vestmannaeyja	Hlutfall af h-tekjum
Rekstrartekjur	9.870.380.000	262.345.110	2,66%
Annar kostnaður (sameiginl. kostn.)	794.427.000	36.226.745	4,56%

H. Sé miðað 302 m.kr. árlegum fjárfestingum við endurnýjun lagnakerfisins, fjármagnaðar með lántökum, má búast við viðvarandi hallarekstri vatnsveitunnar frá og með árinu 2027 sem mun aukast ár frá ári. Verulegur hallarekstur til langs tíma kallar á áframhaldandi lántökur sem áfram þyngir reksturinn vegna aukins fjármagnskostnaðar. Virði vatnsveitunnar við þessar aðstæður er í raun og veru ekkert að mati skýrsluhöfundar og yfirtaka óraunhæf þó ekkert verði greitt fyrir hana. Veruleg meðgjöf með vatnsveitunni er eini raunhæfi möguleikinn til að gera yfirtöku á vatnsveitunni fýsilega fyrir Vestmannaeyjabæ.

3. Rekstur

Hér til hliðar er yfirlit yfir rekstur vatnsveitu Vestmannaeyja 2021 – 2023 sem byggt er á gögnum HS Veitna hf. Fjárhæðir árána 2021 og 2022 hafa verið uppfærðar m.v. vísitölu neyslúverðs ársins 2023. Vísað er í viðauka I. og II. um yfirlit rekstrar frá og með árinu 2008.

Tekjur vatnsveitunnar felast í vatnsgjaldi, notkunargjaldi samkvæmt mæli og tengigjöldum. Engar aðrar tekjur eru á þessu tímabili.

Vatnsgjald greinist þannig eftir flokkum húsnæðis:

	2021	2022	2023
Tekjur			
Vatnsgjald	100.217.585	101.088.138	102.749.397
Vatnsgjald (fermgjald) á húsnæði í flokki A	58.030.067	58.919.187	60.785.166
Vatnsgjald af fasteignum. húsnæðis í flokkum B, C og D	42.187.518	42.168.951	41.964.231
Vatnsgjald alls (innheimt af Vestmeyjabæ 2008-2011)	0	0	0

Í bókhaldi HS Veitna er gjöldum skipt í tvo meginþætti, þ.e. kostnaðarverð sölu og annan rekstrarkostnað. Kostnaðarverð sölu felst í framleiðslu, þ.e. vatnsöfluninni og dreifingu, þ.m.t. jarðvegsframkvæmdir, dæling og umsjón. Annar rekstrarkostnaður felst einkum í stjórnunar- og skrifstofukostnaði sem í flestum tilvikum er reiknuð hlutdeild í sameiginlegum kostnaði á þessum sviðum.

Tekjur og gjöld 2021-2023 á verðlagi ársins 2023.

	2021	2022	2023
Tekjur			
Vatnsgjald	100.217.585	101.088.138	102.749.397
Notkunargjald samkvæmt mæli	146.560.046	149.795.430	149.362.691
Tengigjöld	6.437.491	7.171.763	10.233.022
Aðrar tekjur	0	0	0
Tekjur alls:	253.215.123	258.055.332	262.345.110
Gjöld			
Kostnaðarverð sölu			
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)	0	0	0
Laun og tengd gjöld	7.758.693	11.792.288	12.205.372
Annar starfsmannakostnaður	582.092	932.677	797.771
Verkkaup af HSOrku	0	0	0
Annar kostnaður	60.596.673	72.201.336	138.149.934
Kostnaðarverð sölu alls:	68.937.458	84.926.302	151.153.077
Annar rekstrarkostnaður			
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)	0	0	0
Laun og tengd gjöld	21.334.257	21.578.118	20.915.568
Annar starfsmannakostnaður	1.600.591	1.706.660	1.367.089
Verkkaup af HSOrku sameiginlegt	0	0	0
Annar kostnaður	11.452.860	11.273.203	13.944.089
Annar rekstrarkostnaður alls:	34.387.708	34.557.982	36.226.745
Gjöld alls:	103.325.166	119.484.283	187.379.822
Tekjur að frádrögnum gjöldum (EBITDA)	149.889.957	138.571.048	74.965.288
Afskriftir			
Afskriftir (framleiðslukostnaður/kostnaðarverð sölu)	48.270.394	35.021.895	32.804.211
Afskriftir sameiginlegar (annar rekstrarkostnaður)	7.815.970	5.909.284	3.082.966
Afskriftir alls:	56.086.364	40.931.179	35.887.176
Rekstramiðurstaða fyrir fjármagnsliði	93.803.593	97.639.870	39.078.112
Fjármagnsliðir			
Fjármagnsliðir (ósundurliðað)	-37.583.372	-48.262.827	-43.400.576
Fjármagnsliðir alls:	-37.583.372	-48.262.827	-43.400.576
Rekstrarafkoma	56.220.221	49.377.043	-4.322.464

Annar kostnaður

Í báðum megingjaldaliðunum, þ.e. undir kostnaðarverði sölu og öðrum kostnaði, er safnliður er ber heitið „Annar kostnaður“.

Þessir safnliðir sundurliðast eins og hér að neðan greinir.

Kostnaðarverð sölu – Annar kostnaður

	2021	2022	2023
Annar kostnaður	51.447.884	66.391.613	138.149.934
Verksamningar	23.716.775	40.582.634	25.442.574
Verktakar	11.569.763	3.904.660	16.550.691
Orkukostnaður	6.869.492	7.138.806	12.876.932
Byggingarvörur	2.329.834	1.849.966	10.847.885
Sérfræðipjónusta	860.774	4.258.147	28.969.730
Önnur þjónusta	0	171.304	34.426.294
Lagerkostnaður	2.891.177	4.202.571	3.324.225
Opinber gjöld	2.070.001	2.040.243	2.424.868
Tryggingar	678.976	1.277.605	1.433.530
Tæki & Búnaður	119.403	316.883	424.627
Fjarskiptakostnaður	137.093	318.105	1.232.496
Annar kostnaður	93.558	89.340	96.822
Rekstrarvörur	17.508	61.485	41.726
Afskriftir og niðurfærsla reikninga	93.530	141.964	36.034
Flutningskostnaður	0	0	0
Ferðakostnaður	0	37.900	21.500
Skrifstofukostnaður	0	0	0
Eignatjónsbætur	0	0	0
Lífeyrisskuldbinding	0	0	0
Annað	0	0	0

Á það skal bent að árið 2023 er þessi liður talsvert hærri en fyrir ár. Það má rekja til tjóns sem varð á vatnslögn milli lands og Eyja. Að mati HS Veitna er talið að vibótarkostnaður vegna þess tjóns nemi 90 m.kr. á árinu 2023 sem bókfærður er undir þessum lið. Nánar er fjallað um þennan viðbótarkostnað í kafla 4.

Annar rekstrarkostnaður (stjórnunar- og skrifstofukostnaður) – Annar kostnaður

	2021	2022	2023
Annar kostnaður	9.723.726	10.366.098	13.944.089
Önnur þjónusta	2.524.463	2.686.042	3.366.644
Annar kostnaður	1.840.122	1.792.520	1.968.701
Lífeyrisskuldbinding	0	0	0
Sérfræðipjónusta	3.065.156	3.859.294	4.878.148
Tæki & Búnaður	2.149.276	3.824.643	3.147.437
Verksamningar	1.485.843	1.101.669	1.353.964
Skrifstofukostnaður	318.427	224.757	382.342
Orkukostnaður	358.199	386.960	349.807
Opinber gjöld	259.961	285.151	290.782
Fjarskiptakostnaður	324.730	379.257	461.804
Byggingarvörur	30.476	66.832	119.442
Rekstrarvörur	102.560	84.154	128.357
Verktakar	38.134	26.649	76.356
Ferðakostnaður	11.986	108.515	39.511
Tryggingar	76.148	76.787	93.888
Afskriftir og niðurfærsla reikninga	15.202	9.604	2.971
Lagerkostnaður	0	17.865	92.362
Flutningskostnaður	0	0	0
Eignatjónsbætur	0	0	0
Annað	-2.876.958	-4.564.601	-2.808.429

Í töflunni hér að ofan er liðurinn annar kostnaður sem fellur undir stjórnunar- og skrifstofukostnað. Hér er um að ræða reiknaða hlutdeild í viðeigandi sameiginlegum kostnaði HS Veitna hf.

Til frekari skýringa á helstu liðum í töflunni hér að ofan, þá felst liðurinn „önnur þjónusta“ í rekstri ýmissa tölvukerfa og liðurinn „sérfræðipjónusta“ felst einkum í lögfræðipjónustu og þjónustu endurskoðenda.

Samkvæmt upplýsingum frá HS veitum hf. eru notaðar fimm mismunandi skiptireglur á sameiginlegum rekstrarkostnaði eftir því hvaða rekstrarliði er um að ræða. Í töflunni hér að neðan er yfirlit yfir skiptireglurnar og hlutfall hvers og eins svæðis af heildarkostnaði.

		SUD	HFJ	VEY	ARB	Þjónus
Starfsmannaregla	100,00%	48,79%	23,82%	15,94%	8,67%	2,78
Velturegla	100,00%	55,31%	20,69%	15,81%	5,82%	2,37
Dreifisvæði velta	100,00%	56,65%	21,19%	16,19%	5,97%	
Dreifisvæði staðbundin velta	100,00%	56,65%	21,19%	16,19%	5,97%	
Veituskipting 1með stuðlum	100,00%	48,95%	33,46%	9,60%	7,99%	

Af sameiginlegum rekstrarkostnaði ársins 2023 er hluti vatnsveitu Vestmannaeyja 36.226.745 eða 4,56% af sameiginlegum heildarrekstrarkostnaði.

	2021	2022	2023
Annar rekstrarkostnaður			
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)	0	0	0
Laun og tengd gjöld	21.334.257	21.578.118	20.915.568
Annar starfsmannakostnaður	1.600.591	1.706.660	1.367.089
Verkkaup af HSOrku sameiginlegt	0	0	0
Annar kostnaður	11.452.860	11.273.203	13.944.089
Annar rekstrarkostnaður alls:	34.387.708	34.557.982	36.226.745

Til samanburðar við framangreinda skiptingu sameiginlegs rekstrarkostnaðar námu rekstrartekjur Vatnsveitu Vestmannaeyja árið 2023 einungis um 2,66% af heildarrekstrartekjum HS Veitna.

	HSVeitur alls	Vatnsveita Vestmannaeyja	Hlutfall af h-tekjum
Rekstrartekjur	9.870.380.000	262.345.110	2,66%
Annar kostnaður (sameiginl. kostn.)	794.427.000	36.226.745	4,56%

4. Áhrif tjóns vatnslagnar á rekstur ársins 2023

Eins og áður hefur verið nefnt, telja HS Veitur hf. að um 90 m.kr. viðbótarkostnaður hafi orðið hjá HS Veitum árið 2023 sem rekja megi til tjóns á vatnslögninni sem liggur á milli lands og Eyja. Sá kostnaður felst einkum í eftirfarandi liðum:

A. Orkukostnaður

Vegna leka á vatnslögninni hefur þurft að grípa til umfangsmikillar dælingar ekki síst á álagstímum.

B. Byggingarvörur

Stálbaujur og aðrir tengdir hlutir til að festa vatnslögnina við botninn.

C. Sérfræðipjónusta

Viðbótarkostnaðurinn felst einkum í umtalsverðri köfunarþjónustu.

D. Ýmis þjónusta

Smíði ýmissa hluta til fergja vatnslögnina.

Skýrsluhöfundur leggur hér sjálfstætt mat á rekstrarkostnað ársins 2023, þ.e. hvernig hann gæti hafa verið ef ekki hefði komið til viðbótarkostnaðar vegna tjóns á vatnslögninni. Sé litið á kostnað framangreindra liða árið 2023 í samanburði við meðaltalskostnað sömu liða árin 2018-2022, á núgildandi verðlagi, má nálgast slíka niðurstöðu.

Viðbótarkostnaðurinn, þannig reiknaður, nemur 72,8 m.kr. í þessum liðum fjórum liðum, sbr. töfluna hér að neðan.

	Meðaltal		
	2018-2022	2023	Mismunur
Orkukostnaður	8.418.905	12.876.932	4.458.027
Byggingarvörur	2.862.851	10.847.885	7.985.034
Sérfræðipjónusta	2.834.647	28.969.730	26.135.083
Önnur þjónusta	176.725	34.426.294	34.249.569
	14.293.128	87.120.841	72.827.713

Með því að draga þennan viðbótarkostnað frá rekstrargjöldum ársins 2023 má meta hver rekstrarkostnaður þess árs hefði getað orðið ef ekki hefði komið til tjóns á vatnslögninni. Með öðrum orðum er hér reynt að draga fram hvernig rekstur af reglulegri starfsemi síðasta rekstrarárs gæti hafa litið út.

	2023	Aðlögun v. óregul.liða	2023 aðlagð
Tekjur			
Vatnsgjald	102.749.397	0	102.749.397
Notkunargjald samkvæmt magnmáli	149.362.691	0	149.362.691
Tengigjöld	10.233.022	0	10.233.022
Aðrar tekjur	0	0	0
Tekjur alls:	262.345.110	0	262.345.110
Gjöld			
Kostnaðarverð sölu			
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)	0	0	0
Laun og tengd gjöld	12.205.372	0	12.205.372
Annar starfsmannakostnaður	797.771	0	797.771
Verkkaup af HSOрку	0	0	0
Annar kostnaður	138.149.934	-72.827.713	65.322.221
Kostnaðarverð sölu alls:	151.153.077	-72.827.713	78.325.364
Annar rekstrarkostnaður			
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)			
Laun og tengd gjöld	20.915.568	0	20.915.568
Annar starfsmannakostnaður	1.367.089	0	1.367.089
Verkkaup af HSOрку sameiginlegt	0	0	0
Annar kostnaður	13.944.089	0	13.944.089
Annar rekstrarkostnaður alls:	36.226.745	0	36.226.745
Gjöld alls:	187.379.822	-72.827.713	114.552.109
Tekjur að frádrægnum gjöldum (EBITDA)	74.965.288	72.827.713	147.793.001
Afskriftir			
Afskriftir (framleiðslukostnaður/kostnverð sölu)	32.804.211	0	32.804.211
Afskriftir sameiginlegar (annar rekstrarkostnaður)	3.082.966	0	3.082.966
Afskriftir alls:	35.887.176	0	35.887.176
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði	39.078.112	72.827.713	111.905.825
Fjármagnsliðir			
Fjármagnsliðir (ósundurliðað)	-43.400.576	0	-43.400.576
Fjármagnsliðir alls:	-43.400.576	0	-43.400.576
Rekstrarafkoma	-4.322.464	72.827.713	68.505.249

Í töflunni hér til hliðar er sú mynd dregin upp hvernig rekstur af reglulegri starfsemi síðasta rekstrarárs gæti hafa litið út. Þar sést að rekstrarafgangur ársins gæti hafa numið 68,5 m.kr. ef viðbótarkostnaður framangreindra liða hefði ekki komið til vegna tjóns á vatnslögninni.

Í stað 4,3 m.kr. neikvæðrar rekstrarafkomu sem var árið 2023 hefði reksturinn því skilað 68,5 m.kr. afgangi, miðað við þá aðferðafræði sem hér er byggt á.

5. Lagnir og aðrar eignir

Bókfærðar eignir Vatnsveitu Vestmannaeyja í ársreikningi HS Veitna hf. Árið 2023 nema 906,7 m.kr. Þær felast einkum í lagnakerfi (ferskvatnskerfi) og eignfærðum nýtingarrétti á neðansjávarleiðslu (vatnslögninni). Hér að neðan er meginyfirlit eignanna og bókfært virði þeirra í reikningsskilum HS Veitna hf. árin 2022 og 2023.

	2022	2023
Eignir		
Varanlegir rekstrarfjármunir		
Ferskvatnskerfi (50 ára fyrningartími)	489.153.782	519.316.182
Bífreiðar og flutningatæki (5 ára fyrningartími)	0	0
Nýtingarréttur neðansjávarleiðslu (35 ára fyrningartími)	347.942.349	331.436.433
Fasteignir (50 ára fyrningartími) SAMEIGINL	21.928.806	21.323.493
Bífreiðar og flutningatæki (5 ára fyrningartími) SAMEIGINL	20.143.096	25.544.988
Vélar, áhöld, tæki (5 ára fyrningartími) SAMEIGINL	4.898.797	5.006.947
Hugbúnaður (5 ára fyrningartími) SAMEIGINL	4.770.891	4.077.423
Alls:	888.837.721	906.705.466

Í samræmi við samning milli Vestmannaeyjabæjar og HS Veitna hf., dags. 27. janúar 2009, keypti bæjarfélagið neðansjávarlögna af HS Veitum. Kaupverðið nam 1.260 m.kr. sem greitt var annarsvegar með 700 m.kr. framlagi ríkissjóðs, sbr. fjárukalög ársins 2008, og hinsvegar með fyrirframgreiddri leigu HS Veitna hf., að fjárhæð 560 m.kr.

Miðað við eðlilegar afskriftir á tímabilinu ætti bókfærður nýtingarréttur í árslok 2023 að nema 320 m.kr. í reikningskilum HS Veitna ehf. Eins og yfirlitið að ofan sýnir, nemur hinn bókfærði nýtingarréttur hinsvegar 331,4 m.kr. Sú skýring sem gefin hefur

verið á þessum mismun af HS Veitum hf. er, að umrædd eign hafi verið í upphafi bókfærð á 555 m.kr. og til viðbótar hafi komi 23 m.kr. fjárfesting ári síðar.

Á grundvelli ítagagna frá HS Veitum hf. varðandi lagnakerfi, núverandi afskrifað endurstofnverð þeirra og endurstofnverð, líftíma og árafjölda sem þær hafa verið í rekstri hefur skýrsluhöfundur tekið saman neðangreint yfirlit.

	Líftími	Ár í rekstri	Endurstofnverð	Afskriftir	Afskrifað endurstofnverð
Lagnir	50	0-19 ár	304.494.869	57.799.026	246.695.843
Lagnir	50	20-29 ár	171.525.140	70.515.101	101.010.040
Lagnir	50	30-39 ár	4.873.255	3.333.307	1.539.949
Lagnir	50	40-49 ár	282.539.775	227.246.537	55.293.238
Lagnir	50	50-55 ár	3.020.243.718	2.718.219.347	302.024.372
Alls:			3.783.676.758	3.077.113.317	706.563.441

Núverandi afskrifað endurstofnverð lagnakerfisins nemur 706,5 m.kr. en núverandi endurstofnverð þessara sömu lagna nemur tæplega 3,8 milljörðum kr. Þar af nemur endurstofnverð þeirra lagna sem hafa náð líftíma sínum og meira en það um 3,02 milljörðum króna og hrakvirði þeirra nemur 302 m.kr. Þá ályktun má draga af þessu, að núverandi endurnýjunarpörf lagnakerfisins nemur þessum 3,02 milljörðum króna.

Athygli vekur að þrátt fyrir svo mikla endurnýjunarpörf sem hér hefur verið nefnd hafa fjárfestingar HS Veitna hf. í lagnakerfinu einvörðungu numið um 22 m.kr. árlega, undanfarin 10 ár, á núverandi verðlagi. Þá eru meðtaldar nýfjárfestingar auk endurnýjunar eldri lagna. **Miðað við hina 3,02 milljarða kr. endurnýjunarpörf sem líklegt er að nú þegar er til staðar, er ljóst að afar litlum fjármunum hefur verið varið til endurnýjunar lagnakerfisins undanfarin ár.**

6. Áætlun um rekstur og fjárfestingar

Skýrsluhöfundur telur mikilvægt að í skýrslu þessari sé dregin raunhæf mynd af rekstri, fjárfestingarþörf Vatnsveitu Vestmannaeyja eins og kostur er.

Að framangreindu sögðu verður í þessum kafla fjallað um eftirfarandi:

- Áætlaðan rekstur af reglulegri starfsemi.
- Áætlaðar fjárfestingar næstu ára til að mæta endurnýjunarþörf.
- Lántökur til fjármögnunar fjárfestinga.

Áætlaður rekstur

Í kaflanum er gerð grein fyrir rekstraráætlun árána 2024-2027. Hún byggir á aðlöguðum ársreikningi ársins 2023 sem fjallað hefur verið um í kafla 4 hér að framan. Auk þess byggir áætlunin á fjárfestingum og fjármögnun sem gerð er betur grein fyrir síðar í kaflanum.

Fjárfestingar

Eins og áður hefur verið fjallað um nemur afskrifað endurstofnverð stofnlagna um 706,6 m.kr. Endurstofnverð lagnanna nemur 3,8 ma.kr. og afskriftir 3,1 ma.kr.

Þegar fyrirbyggjandi gögn eru greind miðað við aldur lagnanna kemur í ljós að endurstofnverð lagna sem komin eru fram yfir líftíma nemur 3,02 ma.kr. Þessu er lýst í töflunni hér að neðan.

	Líftími	Ár í rekstri	Endurstofnverð	Afskriftir	Afskrifað endurstofnverð
Lagnir	50	0-19 ár	304.494.869	57.799.026	246.695.843
Lagnir	50	20-29 ár	171.525.140	70.515.101	101.010.040
Lagnir	50	30-39 ár	4.873.255	3.333.307	1.539.949
Lagnir	50	40-49 ár	282.539.775	227.246.537	55.293.238
Lagnir	50	50-55 ár	3.020.243.718	2.718.219.347	302.024.372
Alls:			3.783.676.758	3.077.113.317	706.563.441

Ekki er vitað hvenær eða hversu hratt þarf að endurnýja framangreindar lagnir sem eru komnar fram yfir líftíma. Í þessari áætlun er gert ráð fyrir að elstu lagnirnar verði endurnýjaðar á næstu 10 árum eða 302 m.kr. hvert ár, í fyrsta sinn árið 2024.

Lántaka

Í áætluninni er gert ráð fyrir að fjárfestingarkostnaði verði mætt að hluta með lántökum en að öðru leyti með handbæru fé frá rekstri. Í áætluninni er gert ráð fyrir 25 ára lánnum er beri 9,0% óverðtrygð vexti.

Lántökur eru þannig árin 2024-2027:

2024: 160 m.kr.

2025: 170 m.kr.

2026: 190 m.kr.,

2027: 210 m.kr.

Áverðlagi 2023

	Áætlun				
	2024	2025	2026	2027	2028
Tekjur					
Vatnsgjald	102.749.397	102.749.397	102.749.397	102.749.397	102.749.397
Notkunargjald samkvæmt magr	149.362.691	149.362.691	149.362.691	149.362.691	149.362.691
Tengigjöld	10.233.022	10.233.022	10.233.022	10.233.022	10.233.022
Aðrar tekjur	0	0	0	0	0
Tekjur alls:	262.345.110	262.345.110	262.345.110	262.345.110	262.345.110
Gjöld					
Kostnaðarverðisölu					
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)					
Laun og tengd gjöld	12.205.372	12.205.372	12.205.372	12.205.372	12.205.372
Annar starfsmannakostnaður	797.771	797.771	797.771	797.771	797.771
Verkkaup af HSOOrku	0	0	0	0	0
Annar kostnaður	65.322.221	65.322.221	65.322.221	65.322.221	65.322.221
Kostnaðarverðisölu alls:	78.325.364	78.325.364	78.325.364	78.325.364	78.325.364
Annar rekstrarkostnaður					
Kostnaður, ósundurliðaður (Hitaveita Suðurnesja)					
Laun og tengd gjöld	20.915.568	20.915.568	20.915.568	20.915.568	20.915.568
Annar starfsmannakostnaður	1.367.089	1.367.089	1.367.089	1.367.089	1.367.089
Verkkaup af HSOOrku sameiginl	0	0	0	0	0
Annar kostnaður	13.944.089	13.944.089	13.944.089	13.944.089	13.944.089
Annar rekstrarkostnaður alls:	36.226.745	36.226.745	36.226.745	36.226.745	36.226.745
Gjöld alls:	114.552.109	114.552.109	114.552.109	114.552.109	114.552.109
Tekjur að frádrögnum gjöldum	147.793.001	147.793.001	147.793.001	147.793.001	147.793.001
Afskriftir					
Afskriftir (framleiðslukostnaður)	46.881.396	50.817.624	56.253.624	61.689.624	67.125.624
Afskriftir sameiginlegar (annar r					
Afskriftir alls:	46.881.396	50.817.624	56.253.624	61.689.624	67.125.624
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármá	100.911.606	96.975.378	91.539.378	86.103.378	80.667.378
Fjármagnslíðir					
Fjármagnslíðir (ósundurliðað)	-43.400.576	-57.728.136	-72.783.723	-89.436.635	-107.647.779
Fjármagnslíðir alls:	-43.400.576	-57.728.136	-72.783.723	-89.436.635	-107.647.779
Rekstrarafkoma	57.511.030	39.247.242	18.755.655	-3.333.257	-26.980.402

Rekstraráætlun byggð á framangreindum forsendum

Taflan hér til hliðar sýnir rekstraráætlun áráanna 2024-2028 sem byggir á forsendum sem að framan hefur verð gerð grein fyrir.

Vegna aukins fjármagnskostnaðar við auknar lántökur þyngist reksturinn eftir því sem líður á tímabilið. Rekstrarafgangur ársins 2024 er áætlaður 57,5 m.kr. en árið 2028 er áætlað að rekstrarniðurstaða verði neikvæð sem nemur 26,9 m.kr. Fjármagnskostnaður hækkar úr 43,4 m.kr. árið 2024 í 107,6 m.kr. árið 2028.

Skýrsluhöfundur bendir á að í reikningsskilum HS Veitna hf. fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja er fjármagnskostnaður árið 2023 að fjárhæð 43,4 m.kr. Ekki hafa fengist upplýsingar um hvers konar fjármagnskostnað er að ræða eða frekari skýringar á þessum lið.

7. Samantekt

Samandregnar niðurstöður rekstrar og fjárfestinga

Heildartekjur Vatnsveitu Vestmannaeyja árin 2009-2023 námu tæplega 3,2 ma.kr. á verðlagi ársins 2023. Tekjur að frádregnum gjöldum fyrir afskriftir (EBITDA) námu á sama tímabili 1,6 ma.kr. Að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var rekstrarniðurstaða tímabilsins neikvæð um 25 m.kr. Miðað við reglubundinn rekstur ársins 2023 er rekstrarniðurstaða tímabilsins jákvæð um 47,5 m.kr.

Á tímabilinu 2009-2011 var rekstrarafgangur neikvæður um 240,6 m.kr. og um 8,6 m.kr. á tímabilinu 2012-2018. Á tímabilinu 2019-2023 nemur heildarrekstrarafkoman 223,9 m.kr., sé miðað við reglubundinn rekstur árið 2023 er hann 72,8 m.kr. hærrí, eða 296,8 m.kr.

Í þús. kr. á verðlagi 2023.

	2009-2011	2012-2018	2019-2023	Alls 2009-2023
H-tekjur	475.657	1.443.006	1.263.647	3.182.310
Tekjur að frádr. gjöldum fyrir afskriftir (EBITDA)	193.241	749.608	680.953	1.623.802
Afskriftir	234.258	533.692	264.927	1.032.877
Fjármagnsliðir	-199.601	-224.547	-192.063	-616.211
Rekstrarniðurstaða	-240.618	-8.631	223.963	-25.286
Rekstrarniðurstaða aðlöguð ¹⁾			296.790	47.541

1) Miðað við reglubundinn rekstur árið 2023, án viðbótarkostnaðar vegna tjóns á vatnslögn.

Í reikningskilum HS Veitna hf. er rekstur og fastafjármunir sundurgreind niður á einingar. Aðrir efnahagsliðir en fastafjármunir eru sameiginlegir í reikningskilunum.

Að framansögðu er því ekki hægt að leiða fram nákvæmt sjóðstreymisyfirlit fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja. Hér til hliðar er hinsvegar dregið upp einfaldað sjóðstreymisyfirlit til að ná fram gleggri mynd af fjárstreymi vatnsveitunnar. Sjóðstreymisyfirlit gefur upplýsingar um hvernig handbært fé breytist, þ.m.t. hve mikið veltufé kemur frá rekstri og með hvaða hætti fjárfestingar og fjármögnunarahreyfingar hafa áhrif á handbært fé.

Sé miðað við að skammtímakröfur og skammtímaskuldir hafi ekki breyst mikið milli ára má draga þá ályktun af yfirlitinu hér að neðan, að tæplega 500 m.kr. hafi verið til ráðstöfunar til afborgana lána og frekari fjárfestinga á tímabilinu 2009-2023.

Í þús. kr. á verðlagi 2023.

Einfaldað sjóðstreymi	Alls 2009-2023
Rekstrarniðurstaða	-25.286
Afskriftir	1.032.877
Veltufé frá rekstri	1.007.591
Fjárfestingarahreyfingar	
Ferskvatnslagnir	389.641
Annað	126.595
Fjárfestingar alls	516.236
Breyting handbærs fjár	491.355

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hvort og þá hve miklar lántökur hafi verið um að ræða hjá HS Veitum hf. vegna Vatnsveitu Vestmannaeyja. Við kaup á vatnsveitunni, árið 2002, fékk Vestmannaeyjabær greitt fyrir hana með eignarhluta í Hitaveitu Suðurnesja hf. (nú HS Veitur hf.). Því má álykta að ekki hafi verið þörf á lántöku við yfirtökuna og af sjóðstreymisyfirlitinu hér að neðan má jafnframt draga þá ályktun að ekki hafi verið þörf á

lántökum á tímabilinu 2009-2023. Ef ekki hefur verið um neinar lántökur að ræða hafa engar afborganir verið á framangreindu tímabili. Því hefur um hreina aukningu verið að ræða á handbæru fé um fyrrnefndar tæplega 500 m.kr.

Endurmat lagnakerfis

Árið 2017 var framkvæmt svonefnd virðisrýrnunarpróf á eignasafni lagnakerfis hjá Vatnsveitu Vestmannaeyja. Virðisrýrnunarprófið leiddi til endurmats þessara eigna um 236,2 m.kr. Þannig jókst virði eignasafns vatnsveitunnar samsvarandi.

Endurmatið vekur athygli í ljósi þess að nú, 7 árum síðar, er stærsti hluti eignasafnsins komin fram yfir líftíma sinn og endurnýjunarþörf þeirra metin 3,02 ma.kr.

Fýsileiki yfirtöku

Í kafla 6 hér að framan er gerð grein fyrir áætluðum rekstri Vatnsveitu Vestmannaeyja 2024 til 2028, miðað við forsendur sem þar eru tilgreindar. Áætluð rekstrarafkoma vatnsveitunnar á tímabilinu er dregin fram í töflunni hér að neðan.

	2024	2025	2026	2027	2028
Rekstrarafkoma	57.511.030	39.247.242	18.755.655	-3.333.257	-26.980.402

Ein meginforsenda áætlunarinnar er endurnýjunarþörf lagnakerfis sem komið er fram yfir líftíma. Endurstofnverðið er áætlað 3,02 ma.kr. og byggir áætlunin á, að þær lagnir verði

endurnýjaðar á 10 árum eða 302 m.kr. á ári. Aukinn fjármagnskostnaður vegna fjárfestinganna veldur því að rekstrarafkoma lækkar verulega ár frá ári á tímabilinu. Ljóst er að strax á árinu 2027 verður rekstrarniðurstaða neikvæð. Að hinu 10 ára endurnýjunartímabili loknu, árið 2033, er jafnframt ljóst að rekstrarniðurstaðan þá verður orðin verulega neikvæð og áframhaldandi hallarekstur framundan vegna áframhaldandi fjármagnskostnaðar.

Að framansögðu er yfirtaka Vestmannaeyjabæjar á Vatnsveitu Vestmannaeyja ekki fýsilegur miðað við þær forsendur sem lagðar eru hér til grundvallar. Verulegur hallarekstur til langs tíma kallar á áframhaldandi lántökur sem áfram þyngir reksturinn vegna aukins fjármagnskostnaðar. Endurnýjunarþörf lagnakerfisins er fyrirliggjandi eins og hér að framan hefur verið rakið. Auk þess munu fleiri lagnir þurfa endurnýjun fljótlega, þ.e. lagnakerfi sem nú eru 40-49 ára gamlar.

Virði vatnsveitunnar við þessar aðstæður er í raun og veru ekkert að mati skýrsluhöfundar og yfirtaka óraunhæf þó ekkert verði greitt fyrir hana. Veruleg meðgjöf með vatnsveitunni er eini raunhæfi möguleikinn til að gera yfirtöku á vatnsveitunni fýsilega fyrir Vestmannaeyjabæ.

Viðaukar

Viðauki I.

Rekstur Vatnsveitu Vestmannaeyja 2008-2023, á verðlagi hvers árs

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023
Tekjur																
Vatnsgjald	14.509.466	34.176.164	34.853.205	38.525.661	50.332.522	53.828.030	56.896.350	65.539.114	67.320.053	71.704.496	78.654.218	84.423.387	81.172.810	85.086.894	92.954.022	102.749.397
Vatnsgjald (fermgjald) á húsnæði í flokki A	0	0	0	0	36.897.866	39.088.004	41.222.690	43.584.503	44.940.928	47.281.440	50.564.858	53.253.894	46.757.357	49.268.780	54.178.220	60.785.166
Vatnsgjald af fasteignum, húsnæðis í flokkum B, C og C	0	0	0	0	13.434.656	14.740.026	15.673.660	21.954.611	22.379.125	24.423.056	28.089.360	31.169.493	34.415.453	35.818.114	38.775.802	41.964.231
Vatnsgjald alls (innheimt af Vestmøyjabæ 2008-2011)	14.509.466	34.176.164	34.853.205	38.525.661	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Notkunargjald samkvæmt magnmáli	48.222.615	54.693.910	59.279.086	67.670.470	84.742.904	76.050.517	83.647.044	84.716.929	85.167.013	87.046.048	88.930.954	101.857.451	114.511.544	124.432.644	137.742.053	149.362.691
Tengigjöld	70.015	91.012	91.013	91.014	267.553	351.577	445.762	526.765	723.267	1.107.798	1.490.068	5.526.272	5.422.176	5.465.569	6.594.683	10.233.022
Aðrar tekjur	1.510.602	181.439	687.971	370.128	398.132	0	406.830	1.107.309	769.433	0	0	0	0	0	0	0
Tekjur alls:	64.312.698	89.142.525	94.911.275	106.657.273	135.741.111	130.230.124	141.395.986	151.890.117	153.979.766	159.858.342	169.075.240	191.807.110	201.106.530	214.985.107	237.290.758	262.345.110
Gjöld																
Kostnaðarverð sölu																
Kostnaður, ósundurliðaður (Hítaveita Suðurne	34.538.280	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Laun og tengd gjöld	0	0	0	0	0	0	0	18.752.297	13.128.047	10.078.332	7.405.008	7.897.018	9.321.819	6.587.298	10.843.415	12.205.372
Annar starfsmannakostnaður	0	0	0	0	0	0	0	339.170	1.113.833	673.590	607.800	611.289	626.228	494.208	857.629	797.771
Verkkaup af HS Orku	0	20.652.021	24.904.341	24.475.375	23.351.205	21.084.895	23.386.701	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annar kostnaður	0	8.478.157	18.224.534	17.412.333	9.780.309	22.153.025	32.360.584	30.168.605	31.542.801	30.720.563	45.062.517	1.923.646	64.777.909	51.447.884	66.391.613	138.149.934
Kostnaðarverð sölu alls:	34.538.280	29.130.178	43.128.875	41.887.708	33.131.514	43.237.920	55.747.285	49.260.072	45.784.681	41.472.485	53.075.325	10.431.953	74.725.956	58.529.390	78.092.657	151.153.077
Annar rekstrarkostnaður																
Kostnaður, ósundurliðaður (Hítaveita Suðurne	17.314.664	0	0	0	0	0	0	10.320.904	10.320.100	15.400.359	16.149.446	16.157.726	17.340.409	18.113.245	19.841.823	20.915.568
Laun og tengd gjöld	0	0	0	0	0	0	0	186.672	875.597	1.029.291	1.325.540	1.250.730	1.164.907	1.358.936	1.569.332	1.367.089
Annar starfsmannakostnaður	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Verkkaup af HS Orku sameiginlegt	0	2.362.406	2.783.650	2.852.156	2.929.111	3.528.191	4.545.828	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Annar kostnaður	0	17.467.030	15.255.563	17.927.653	18.033.909	17.285.258	17.560.588	11.433.444	20.053.811	15.877.987	12.946.204	9.109.482	9.002.966	9.723.726	10.366.098	13.944.089
Annar rekstrarkostnaður alls:	17.314.664	19.829.436	18.039.213	20.779.809	20.963.020	20.813.449	22.106.416	21.941.021	31.249.508	32.307.637	30.421.190	26.517.938	27.508.282	29.195.907	31.777.253	36.226.745
Gjöld alls:	51.852.944	48.959.614	61.168.088	62.667.517	54.094.534	64.051.369	77.853.701	71.201.093	77.034.189	73.780.122	83.496.515	36.949.891	102.234.238	87.725.297	109.869.910	187.379.822
Tekjur að frádrægnum gjöldum (EBITDA)	12.459.755	40.182.911	33.743.187	43.989.756	81.646.577	66.178.755	63.542.285	80.689.024	76.945.577	86.078.220	85.578.725	154.857.219	98.872.292	127.259.810	127.420.848	74.965.288
Afskriftir																
Afskriftir (framleiðslukostnaður/kostnaður sölu)	39.325.783	46.101.152	46.592.988	46.772.188	47.361.970	47.191.505	49.259.107	49.496.944	49.767.812	51.180.573	74.246.734	52.895.435	40.666.894	40.982.607	32.203.838	32.804.211
